

## \*Tollverð

### Úrskurður nr. 1/2004.

**Kærð er tollverðsákvörðun tollstjóra á tveimur bifreiðum af gerðinni Mercedes Benz ML-320, árgerð 2001 og Mercedes Benz ML-430, árgerð 2000. Ríkistollanefnd féllst á þautavarakröfu kæranda um að leiðréttta viðmiðunarverð við ákvörðun tollverðs.**

**Tollalög nr. 55/1987 8. gr., 100. gr., 101. gr. og 141. gr. Reglugerð um tollverð og tollverðsákvörðun nr. 374/1995 2. gr., 10-14 gr., 17. gr., 18. gr. og 20. gr. Reglugerð nr. 604/2003.**

Með bréfi, dags. 28. janúar 2004, er barst nefndinni þann 30. s.m. kærir G, lögmaður, f.h. í tvo úrskurði tollstjóra. Í nefndum úrskurðum er tollverð ákvarðað skv. 20. gr. reglugerðar um tollverð og tollverðsákvörðun nr. 374/1995, vegna sendinga M CED 22 09 3 US ORF C022 og M CED 22 09 3 US ORF C007. Um er að ræða innflutning á Mercedes Benz ML-320, árgerð 2001 og Mercedes Benz ML-430, árgerð 2000. Kærandi krefst þess aðallega að reikningsverð sé lagt til grundvallar útreikningi tollverðs og til vara að verð bifreiðanna verði ákvarðað skv. 10.-14. gr. reglugerðarinnar. Til þrautavara er þess krafist, fallist ríkistollanefnd ekki á aðal- eða varakröfu kæranda, að verð bifreiðanna verði reiknað út aftur þar sem tollstjóri hafi ekki notað rétt verð er hann ákvarðaði verð bifreiðanna skv. 20 gr. reglugerðar um tollverðsákvörðun nr. 374/1995. Í forkæru til nefndarinnar óskaði kærandi eftir eins mánaðar viðbótarfresti til að skila inn gögnum varðandi málið. Var honum veittur þriggja vikna viðbótarfrestur til að skila inn gögnum og endanlegri kæru til nefndarinnar.

Ríkistollanefnd hefur ákveðið að fjalla um báða hina kærðu úrskurði tollstjórans í Keflavík, dags. 3. desember 2003, í sama úrskurðinum. Fer hér á eftir úrdráttur úr hinum kærðu úrskurðum þar sem fjallað er um sendingar nr. M CED 22 09 3 US ORF CO22 og M CED 22 09 3 US OEF C007. Í úrskurðunum segir m.a. að bifreiðarnar séu af gerðinni Mercedes Benz ML-430, árgerð 2000, ( eftirleiðis tilgreind sem A) innkaupsverð samkvæmt framlögðum vöruheikningi er USD 18.850,00 og Mercedes Benz ML-320, árgerð 2001, ( eftirleiðis tilgreind sem B) innkaupsverð samkvæmt framlögðum vöruheikningi er USD 19.500,00. Þá segir í úrskurðum tollstjóra að skv. 8. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, sbr. og 2. gr. reglugerðar nr. 374/1995, um tollverð og tollverðsákvörðun, sé tollverð innfluttrar vöru hið svokallaða viðskiptaverð hennar, þ.e. það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir vöruna. Í IV. kafla reglugerðarinnar sé síðan mælt fyrir um hvernig tollverð vöru skuli ákveðið þegar viðskiptaverð verður af einhverjum ástæðum ekki lagt til grundvallar, sbr. 10-15. gr. reglugerðarinnar. Í V. kafla reglugerðarinnar sé að finna sérákvæði vegna innflutnings ökutækja. Í 17. gr. komi fram að við tollafgreiðslu ökutækis skuli tollstjóri bera viðskiptaverð þess, eins og það kemur fram í aðflutningskýrslu eða fylgiskjólum, saman við viðmiðunarverð ökutækis af sömu tegund, undirtegund og árgerð í því landi sem ökutækið var keypt. Tollstjóri lét fara fram skoðun á útliti og ástandi bifreiðanna. Sú skoðun leiddi ekki í ljós nein merki tjóns eða annarra annmarka á bifreiðunum og er útlit þeirra gott. Þá vísar tollstjóri til 18. gr. reglugerðar nr. 374/1995 en þar er kveðið á um, að gefi eftirlit tollstjóra skv. 17. gr. réttmæta ástæðu til að draga í efa sannleiksgildi aðflutningskýrslu eða fylgiskjala skuli tollstjóri krefja innflytjanda um nánari skýringar eða gögn til sönnunar því að viðskiptaverðið sé réttilega tilgreint. Var það gert með bréfi til innflytjanda, dags. 7. október 2003. Í svarbréfi innflytjanda til embættisins eru gefnar þær skýringar á lágu viðskiptaverði bifreiðanna að innflytjandi hafi verið búsettur í Bandaríkjunum í 6 ár og kunni þar af leiðandi til bifreiðaviðskipta í því landi. Ennfremur að bifreiðaverð þar sé almennt lægra en verðmat tollstjóraembættisins.

Tollstjóri taldi þessi rök innflytjanda ekki nægileg til að skýra hin lágu innkaupsverð og tilkynnti honum með bréfi dags. 9. október 2003, að vöruheikningum vegna kaupa á nefndum bifreiðum yrði hafnað og tollverð þeirra ákvarðað samkvæmt 20. gr. reglugerðar um tollverð og tollverðsákvörðun nr. 374/1995.

Þá segir að í stjórnslukæru innflytjanda dags. 3. nóvember 2003, séu lagðar fram frekari skýringar á lágu viðskiptaverði bifreiðanna s.s. að þær séu rispaðar á ytra byrði og í því sambandi er vísað til ástandsskoðunar Bílbótar sf., dags. 20. október 2003. Tollstjóri vísar til áður nefndrar vöruskoðunar sem framkvæmd var á bifreiðunum en í henni hafi ekki verið að sjá neinar skemmdir á þeim né á ljósmyndum sem teknar voru af bifreiðunum við þá skoðun. Tollstjóri telur því ekki unnt að leggja yfirlýsingu Bílbótar sf. til grundvallar. Þá segir að innflytjandi haldi því fram að skv. Kellys Blue Book sé ljóst að bifreiðar sömu gerðar og hér sé verið að fjalla um séu jafnvel seldar á lægra verði í Bandaríkjunum en bifreiðar innflytjanda og því sé viðskiptaverð þeirra eðlilegt. Tollstjóri vísar til 20. gr. reglugerðar nr. 374/1995 en þar segir að tollverð innfluttra bifreiða skuli vera viðmiðunarverð nýs ökutækis af sömu tegund og undirtegund eins og það er tilgreint í bifreiðaskrá Ríkistollstjóra. Tollstjórinn í Reykjavík hafi lagt embættinu til ritið Red Book til viðmiðunar, sem gefið sé út af eftirlitsaðilum bifreiðaiðnaðarins í Bandaríkjunum. Í Red Book komi fram að verð á sams konar bifreiðum sé talsvert hærra að teknu tilliti til aksturs, en tilgreint verð skv. framlögðum gögnum við tollafgreiðslu þeirra eða USD 28.775 fyrir sendingu nr. M CED 22 09 3 US ORF CO22 í stað USD 19.500,- og USD 29.725 fyrir sendingu nr. M CED 22 09 3 US OEF C007 í stað USD 18.700,-.

Tollstjóri úrskurðar samkvæmt 100. gr. tollalaga nr. 55/1987, með vísan til þess sem að framan er rakið og á grundvelli reiknireglu 21. gr. reglugerðar nr. 374/1995, að tollverð bifreiðarinnar Mercedes Benz ML-430, árg. 2000, skuli vera ISK. 2.529.162,00 og að tollverð bifreiðarinnar Mercedes Benz ML-320, árg. 2001, skuli vera ISK. 2.536.638,00.

Í kæru umboðsmanns kæranda er þess krafist aðallega að framlagðir reikningar fyrir kaupum á bifreiðunum verði lagðir til grundvallar útreikningi tollverðs. Til vara er þess krafist að reiknireglur 10.-14. gr. reglugerðar nr. 374/1995 um tollverð og tollverðsákvörðun verði lagðar til grundvallar. Til þrautavara er þess krafist að FOB-verð verði reiknað aftur þar sem ekki sé lögð til grundvallar rétt verð nýs ökutækis af sömu tegund og undirtegund og hér er deilt um tollverð á, sbr. 21. gr. reglugerðar nr. 374/1995.

Í kærinni leitast kærandi við að skýra innkaupsverð bifreiðanna. Þar kemur m.a. fram að kærandi hafi dvalið í Bandaríkjunum í sex vikur til að leita að bifreiðum á hagstæðu verði. Kærandi hafi lagt mikið á sig til að finna bifreiðar á hagstæðu verði og að lokum fundið þessar tvær Mercedes Benz bifreiðar. Þær hafi verið keyptar á ódýrasta markaðssvæði heimsins fyrir þessa gerð bifreiða, þær hafi verið staðgreiddar. Þá sé útlit þeirra ekki gott, þær rispaðar og það hafi kostað á annað hundrað þúsund krónur að gera við þær. Ennfremur hafi þær verið mikið eknar og seljandi vitað að þær voru á leið úr landi og hann því sloppið við ábyrgðaraðild sína. Þá hafi bifreiðarnar skipt um eigendur nokkrum sinnum en það sé alkunna að það verðfelli bifreiðar þegar þær hafi skipt oft um eigendur. Þá telur kærandi að sams konar bifreiðar og hér eru til umfjöllunar hafi verið tollafgreiddar án afskipta tollstjóra og telur kærandi að hann hafi ekki fengið sömu meðferð og aðrir innflytjendur. Samkvæmt öllu ofanrituðu telur kærandi að engin ástæða sé til að rengja þau verð sem gefin séu upp á reikningunum og beri því að leggja þá til grundvallar tollverði, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 374/1995.

Kæran var send tollstjóranum í Reykjavík til umsagnar með bréfi þann 24. febrúar 2004. Í svari sem barst þann 22. mars s.l. segir m.a. að embættið hafi skoðað þau gögn sem lögð hafi verið fram í málinu. Lagður var fram reikningur vegna kaupa á bifreiðinni A dags. 22. júlí 2003, að fjárhæð USD 18.700,- útgefinn af Deals Discount Auto Wholesale. Ekki er unnt að greina undirskrift sölumanns eða framkvæmdastjóra á reikningnum. Vegna kaupa á bifreiðinni B er lagður fram reikningur útgefinn af Southern Imports, dags. 22. ágúst 2003 að fjárhæð USD 19.500,-.

Þá segir að samkvæmt 17. gr. reglugerðar nr. 374/1995, um tollverð og tollverðsákvörðun skuli tollstjóri við tollafgreiðslu ökutækis bera viðskiptaverð þess eins og það kemur fram í aðflutningsskýrslu eða fylgiskjöllum saman við viðmiðunarverð ökutækja af sömu tegund, undirtegund og árgerð í því landi sem ökutækið var keypt. Einnig sé tollstjóra gert að athuga hvort viðskiptaverð ökutækis sem um ræðir sé óeðlilega lágt miðað við ástand þess, innflutningsverð sams konar ökutækis sem flutt er eða hefur verið flutt til landsins á sama tíma eða markaðsverð sambærilegra ökutækja erlendis. Það sé því ljóst að tollstjóra bar að kanna sjálfstætt viðmiðunarverð annarra ökutækja og ástand ökutækjanna, óháð því hvort reikningar voru taldir trúverðugir eða ekki. Það gerði tollstjóri með því að bera saman innkaupsverð bifreiðanna tveggja og viðmiðunarverð sambærilegra ökutækja í ritinu Red Book, sem gefið er

út af eftirlitsaðilum bifreiðaiðnaðarins í Bandaríkjunum. Í Red Book kom fram að verð á sams konar ökutækjum sé talsvert hærra en tilgreint var á framlögðum gögnum við tollafgreiðslu eða á bifreiðinni A. USD 29.725, og á bifreiðinni B. USD 28.775, þegar tillit var tekið til þess hversu mikið bifreiðunum hafði verið ekið, sbr. hina kærðu úrskurði tollstjóra, dags. 3. desember 2003. Tollstjóri óskaði því frekari skýringa á lágu viðskiptaverði bifreiðanna og lét fram fara ástandsskoðun á þeim, í samræmi við 18. gr. reglugerðar nr. 374/1995. Kærandi sendi inn skýringar, m.a. að hann hefði verið búsettur í Bandaríkjunum í sex ár og kynni þ.a.l. á bifreiðaviðskipti í Bandaríkjunum og að bifreiðaverð þar væri almennt lægra en verðmat tollstjóraembættisins. Ástandsskoðun bifreiðanna leiddi ekki í ljós nein merki tjóns eða annarra annmarka og var útlit þeirra almennt talið gott. Það var því mat tollstjóra að hvorki skýringar kæranda né ástandsskoðun bifreiðanna gæfu ástæðu til þess að samþykkja hin lágu viðskiptaverð bifreiðanna skv. vörureikningum. Í 8. gr. reglugerðar nr. 374/1995 kemur fram að dragi tollstjóri sannleiksgildi upplýsinga um viðskiptaverð vöru í efa þrátt fyrir að hafa fengið í hendur gögn og skýringar, verður viðskiptaverð vöru ekki lagt til grundvallar við ákvörðun tollverðs. Um ákvörðun tollverðs fer þá eftir IV. kafla reglugerðarinnar. Kærandi lýsir því yfir í varakröfu sinni, án frekari rökstuðnings, að hann krefjist þess að beitt verði reiknireglum 10. - 14. gr. reglugerðar nr. 374/1995, um tollverð og tollverðsákvörðun. Ekki er unnt að beita ákvæðum 10.- 14. gr. reglugerðar nr. 374/1995 á þeim forsendum að ekki liggi fyrir upplýsingar um viðskiptaverð sams konar vöru sem seld hefur verið og flutt til landsins á sama eða svipuðum tíma. Embætti tollstjórans í Reykjavík lét af þessu tilefni kanna innflutning sambærilegra ökutækja á tímabilinu frá 1. maí 2003 til 31. desember 2003. Í ljós kom að engin innflutt ökutæki frá því tímabili voru sambærileg þeim sem hér um ræðir. Um sé að ræða notuð ökutæki í ásigkomulagi sem er einkennandi fyrir hvert og eitt ökutæki. Ógerlegt sé að finna sams konar ökutæki sem flutt hefur verið til landsins á sama eða svipuðum tíma, í sama ástandi og þau sem hér um ræðir. Tollstjóra bar því að beita ákvæði 15. gr. reglugerðarinnar um ákvörðun tollverðs á nefndum ökutækjum. Í 15. gr. segir: „Verði tollverð innfluttrar vöru ekki ákvarðað skv. 2. gr. eða 10.-14. gr., skal ákvarða það með rökréttum hætti samkvæmt meginreglum og almennum ákvæðum samnings um framkvæmd VII. gr., Hins almenna samnings um tolla og viðskipti 1994 og á grundvelli fánlegra upplýsinga hér á landi (...)”.Ákvörðun tollverðs ökutækjanna var því réttilega byggð á 20. gr. reglugerðarinnar, að mati embættisins, og reiknuð út samkvæmt ákvæðum 21. gr.

Tollstjóri óskaði eftir upplýsingum frá Ræsi hf., um verðlistaverð nefndra bifreiða. Þar kemur m.a. fram að viðmiðunarverð bifreiða af gerðinni ML 430 sem í dag svarar til bifreiða af gerðinni ML 500 er að fjárhæð kr. 7.650.000,-. Að teknu tilliti til aukahluta sem fylgja hinni innfluttu bifreið hækkar verðið í kr. 8.909.500,-. Viðmiðunarverð bifreiða af gerðinni ML-320 sem í dag svarar til bifreiða af gerðinni ML-350 er kr. 5.750.000,-. Að teknu tilliti til aukahluta sem fylgja hinni innfluttu bifreið, hækkar þessi fjárhæð í kr. 7.456.000,-. Tollstjóri notaði framangreind verð við útreikning nefndara ökutækja skv. 20. - 21. gr. reglugerðar nr. 374/1995.

Þá segir að embætti tollstjórans í Reykjavík geri ekki athugasemdir við framangreinda aðferð tollstjóra við útreikning á tollverði nefndra bifreiða. Samkvæmt upplýsingum í Red Book reynist samsvarandi ökutæki og B. kosta sem nemur USD 28.775. Er því hér um að ræða mismun upp á USD 9.925 ef gengið er út frá reikningsverði umrædds ökutækis USD 18.850. Frávik reynast því vera 34,5% að mati embættisins. Embætti tollstjórans í Reykjavík hefur kannað verðskrá ríkisskattstjóra frá árinu 2002 til samanburðar. Embættið telur mögulegt og til hagsbóta fyrir kæranda að miða við verðskrá ríkisskattstjóra frá árinu 2002 í stað ársins 2003 þar sem umrætt ökutæki er ekki til í verðskrá ársins 2003. Samkvæmt verðskrá ríkisskattstjóra frá árinu 2002 er verð á ökutæki af gerðinni ML 430 kr. 7.330.000. Miðað við flutningsgjald kr. 89.383 og 43,5% fyrningu reynist FOB-verð ökutækisins vera kr. 1.967.545 og tollverð því kr. 2.087.782. Álögð aðflutningsgjöld á UB-358 samkvæmt framangreindu reiknast því kr. 1.684.940. Um bifreiðina A. segir embætti tollstjórans í Reykjavík að það geri ekki athugasemdir við aðferð tollstjóra við útreikning umræddrar bifreiðar. Samkvæmt verðupplýsingum í Red Book er meðalverð sams konar ökutækis USD 29.725. Því sé um mismun upp á USD 9.925 að ræða ef gengið sé út frá fram komnu reikningsverði þ.e. USD 19.500. Frávik eru 33,7%. Tollstjórinn í Reykjavík kannað verðskrá ríkisskattstjóra frá árinu 2002 til samanburðar og telur mögulegt og til hagsbóta fyrir kæranda að miða við verðskrá ríkisskattstjóra frá árinu 2002 í stað ársins 2003 þar sem umrætt ökutæki er ekki til í verðskrá ársins 2003. Samkvæmt verðskrá ríkisskattstjóra frá árinu 2002 er verð á ökutæki af gerðinni ML 320 kr. 5.670.000. Miðað við flutningsgjald kr. 89.383 og 33,0% fyrningu reynist FOB-

verð ökutækisins vera kr. 1.791.242 og tollverð því kr. 1.908.834. Álögð aðflutningsgjöld samkvæmt framangreindu reiknast því kr. 1.540.842.

Þá segir í greinargerð tollstjórans í Reykjavík að kærandi bendi á það sem rök í málinu og til skýringar á lágu verði, að nefnd ökutæki hafi skipt oft um eigendur. Embættið bendir á að bæði ökutækin hafa einungis verið í eigu tveggja annarra aðila, og það í mjög skamman tíma. Tollstjóri telur því að framangreind röksemd hafi ekki mikið vægi í máli þessu.

Tollstjóri fellst ekki á gögn varðandi ástandsskoðun bifreiðanna frá Bílbót sf., dags. 20. október 2003. Hann telur að ekki sé unnt að leggja upplýsingar sem þar koma fram um ástand bifreiðanna til grundvallar þar sem skoðunin fór fram eftir tollafgreiðslu þeirra. Auk þess liggja fyrir ástandsskoðun, framkvæmd af tollyfirvöldum, sem unnt sé að leggja til grundvallar í málinu. Sú ástandsskoðun hafi ekki leitt neitt það í ljós að ástand bifreiðanna væri slíkt að það skýrði hin miklu frávik sem hér um ræðir. Tollstjórinn í Reykjavík telur að ákvæði 21. gr. A. reglugerðar nr. 374/1995 um tollverð og tollverðsákvörðun eigi ekki við í þessu sambandi. Þá er það mat hans að yfirlýsing George Maloney, sölustjóra, f.h. Southern Imports, Inc., hafi ekki þýðingu í málinu, enda séu reglurnar skýrar um það hvað leggja beri til grundvallar við útreikning tollverðs í þeim tilvikum sem hér um ræðir. Þá er á það benti að í yfirlýsingunni komi fram berum orðum að umræddar upplýsingar varði verðlag bifreiða sem keyptar séu á uppboði, sbr. orðalagið „This report is the current auction report of the largest nationwide auction company in the U.S.A.” Ekkert bendir til þess í gögnum málsins að bifreiðin B. hafi verið keypt á uppboði. Hvað varðar bifreiðina A. telur tollstjóri rétt að vekja athygli á því að fram komi í stimpli á baksíðu skráningarskírteinis (“Certificate of Title”) eftirfarandi “DAYTONA AUTO AUCTION”. Á reikningi frá seljanda, dags. 22. júlí 2003, komi hins vegar hvergi fram að umrædd bifreið hafi verið keypt á uppboði. Þar sem uppboðsreikningur liggur ekki fyrir í málinu telur embætti tollstjórans í Reykjavík óhjákvæmilegt að líta svo á að umrætt ökutæki hafi verið keypt á hefðbundinn hátt hjá bílasala en ekki á uppboði.

Hvað varðar afrit greiðslukvittunar frá SPRON, þar sem fram kemur Mynt: USD, Erlend upphæð: 20.000, skal þess getið að ritað hefur verið í greiðslukvittunina með prentstöfum, þannig að dagsetning útprentunar sést ekki. Ekki sést með ótvíræðum hætti hvort ritað hefur verið 20.06 eða 20.08. Einnig hefur verið lagt fram afrit tveggja ávísana, líklega dags. 21. júlí 2003 (er mjög ógreinilegt), þar sem fram kemur greiðsla að fjárhæð USD 4.000 og USD 5.000. Á sama afriti sé jafnframt ódagsett gjaldeyrisviðskiptakvittun að fjárhæð USD 9.000. Þá hefur verið lagt fram afrit vegna greiðslukortaviðskipta kæranda á tímabilinu frá 18.07.-17.08.2003, dags. 17.08.2003, þar sem fram kemur greiðsla, dags. 22.07.2003, til Wachovia Dunn Ave, að fjárhæð USD 3.000. Sams konar yfirlit hefur verið lagt fram vegna viðskipta fyrirtækisins Rýnis ehf, Skúlagötu 44, þar sem fram komi gjaldfærsla til Wachovia Dunn Ave, dags. 22.07.2003, að fjárhæð USD 4.000. Jafnframt hefur verið lagt fram afrit greiðslukvittunar SPRON, dags. 01.09.2003, að fjárhæð USD 2.100 auk afrits símagreiðslu, dags. sama dag, af sömu upphæð.

Af framangreindum gögnum að dæma virðist ekki vera samræmi milli þeirra fjárhæða sem uppgæfnar eru á reikningum vegna umræddra bifreiðakaupa af gerðinni B. (USD 19.500) og A. (USD 18.700) og framlagðra greiðslukvittana (USD 20.000+9.000+3.000+4.000+2.100). Framangreint misræmi gefur að mati embættisins réttmætt tilefni til að leggja til grundvallar viðmiðunarverð þau sem lögð hafa verið fram hér að ofan.

Kærandi lagði fram tölvupóst, dags. 19. febrúar 2004, um tollafgreiðslu bifreiðar sem hann taldi sambarilega við þær bifreiðar sem hér er verð að fjalla um. Embætti tollstjórans í Reykjavík telur sér ekki heimilt, með vísan til 141. gr. tollalaga, að upplýsa um innflutning annarra aðila en fjallað er um í máli þessu. Embættið bendir á að hvert tilvik er skoðað fyrir sig og aðstæður metnar. Það upplýsist þó að þessi mál geta ekki talist sambærileg.

Þá segir að kærandi hafi lagt fram fjölmargar útprentanir af heimasíðum því til stuðnings að verð á reikningum sé eðlilegt markaðsverð sambærilegra bifreiða. Jafnframt er vísað til úrskurðar ríkistollanefndar nr. 11/2002, þar sem vísað sé til þess að „... tollstjórar nota stundum Blue Book til rökstuðnings í málum,...”. Embættið vekur athygli á því að hér virðist vera um misskilning að ræða. Þvert á móti kemur fram í tilvitnuðum úrskurði ríkistollanefndar að byggt sé á upplýsingum sem fram komi í Red Book. Þá telur embættið ekki unnt að leggja framangreindar útprentanir af heimasíðum til grundvallar í málinu á þeirri forsendu að þau verð sem þar séu upp gefin, séu í mörgum tilvikum svokölluð “Private Party Value” eða verð sem geta verið leiðbeinandi í viðskiptum milli einstaklinga. Eðli málsins samkvæmt séu slík verð í flestum tilvikum lágmarksverð m.a. þar sem seljandi taki enga ábyrgð á þeirri vöru sem

seld sé. Það er því mat embættisins að umrædd gögn geti ekki gefið réttan samanburð. Í öðrum tilvikum er um að ræða verð bifreiða sem keyptar séu á uppboðum en það sé ekki raunin í þessu máli. Þá er bent á að alls er óvíst um ástand þeirra bifreiða sem vísað er til á fyrrgreindum heimasíðum. Tollstjóri bendir á að fyrir liggja útprentanir af heimasíðum vegna bifreiða sömu gerðar og hér eru til meðferðar sem benda til talsvert hærra verðlags en hér um ræðir. Þær útprentanir virðast hafa legið fyrir hjá tollstjóra við tollafgreiðslu bifreiðanna og hafi gefið enn frekari tilefni til höfnunar á reikningsverðunum. Með vísan til ofanritaðs krefst tollstjórinn í Reykjavík þess að hinn kærði úrskurður, dags. 3. desember 2003 varðandi sendingar M CED 22 09 3 US ORF C007 og M CED 22 09 3 US ORF C022, verði staðfestir. Til vara er þess krafist að lagðir verði til grundvallar hjálagðir útreikningar embættisins vegna bifreiðarinnar B. þar sem tollverð reiknast kr. 1.908.834 og vegna bifreiðarinnar A. þar sem tollverð reiknast kr. 2.087.782.

Kærandi var send greinargerð tollstjórans í Reykjavík til umsagnar með bréfi þann 23. mars 2004. Í svari sem barst nefndinni þann 14. apríl s.á. eru fyrri kröfur ítrekaðar.

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um málið og hafa nefndarmenn kynnt sér þau gögn sem hafa verið lögð fram. Ágreiningur í máli þessu snýst um aðflutningsgjöld af tveimur bifreiðum sem fluttar voru til landsins í sendingum nr. M CED 22 09 3 US ORF CO22 og M CED 22 09 3 US OEF C007. Bifreiðarnar eru af gerðinni Mercedes Benz ML-430, árgerð 2000 (A) og Mercedes Benz ML-320, árgerð 2001 (B). Aðalkrafa kærandi er að reikningsverð verði lagt til grundvallar útreikningi tollverðs, en til vara að verð bifreiðanna verði ákvarðað skv. 10.-14. gr. reglugerðar um tollverð og tollverðsákvörðun nr. 374/1995. Til þrautavara er þess krafist, fallist ríkistollanefnd ekki á aðal- og varakröfu kærandi, að verð bifreiðanna verði reiknað út aftur þar sem tollstjóri hafi ekki notað rétt verð er hann ákvarðaði verð bifreiðanna skv. 20 gr. reglugerðar um tollverðsákvörðun nr. 374/1995. Tollstjóri krefst þess að úrskurðir tollstjóra, dags. 3. desember 2003, verði staðfestir. Til vara er þess krafist að lagðir verði til grundvallar útreikningar embættisins, þar sem verð úr bifreiðaverðskrá ríkisskattstjóra er haft til hlíðsjónar, vegna bifreiðarinnar B. þar sem tollverð reiknast kr. 1.908.834 og vegna bifreiðarinnar UF-630 þar sem tollverð reiknast kr. 2.087.782.

Bifreiðarnar voru skoðaðar af tollstjóra. Í skoðunargerð hans kemur fram að útlit þeirra sé gott. Ríkistollanefnd hefur undir höndum myndir þær sem teknar voru af bifreiðunum við þá skoðun og er ekki að merkja á þeim að bifreiðarnar hafi verið skemmdar. Kærandi leggur hins vegar fram yfirlýsingu frá skoðunarstöð, þar sem segir að bifreið hafi verið útlitsgölluð. Ríkistollanefnd telur engin rök fyrir því að draga skoðunargerð tollstjóra í efa, og verður hún því lögð til grundvallar við mat á ástandi bifreiðanna við innflutning þeirra. Samkvæmt 8. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum er tollverð innfluttrar vöru hið svokallaða viðskiptaverð hennar, þ.e. það verð, sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir vöruna. Um tollverð og tollverðsákvörðun gildir reglugerð nr. 374/1995, sem sett er skv. heimild í 10. gr. tollalaga. Í 2. gr. reglugerðarinnar er grunnregla 8. gr. tollalaganna ítrekuð, þ.e.a.s. að tollverð vöru sé viðskiptaverð hennar. Í IV. kafla reglugerðarinnar er á hinn bóginn mælt fyrir um hvernig tollverð vöru skuli ákveðið þegar viðskiptaverð verður af einhverjum ástæðum ekki lagt til grundvallar. Meginreglan við þær aðstæður er sú að leggja skuli til grundvallar viðskiptaverð sams konar vöru á sams konar viðskiptastigi, sem seldar eru eða fluttar inn á sama eða svipuðum tíma og varan, sem verið er að virða, sbr. nánar 10. og 14. gr. reglugerðarinnar. Verði tollverð innfluttrar vöru ekki ákvarðað skv. 2. gr. eða 10. - 14. gr. skal það ákvarðað *“með rökréttum hætti samkvæmt meginreglum og almennum ákvæðum samnings um framkvæmd VII. gr. Hins almenna samnings um tolla og viðskipti 1994 og á grundvelli upplýsinga hér á landi”*, sbr. nánar 15. gr. reglugerðarinnar.

Í V. kafla reglugerðarinnar er að finna sérákvæði vegna innflutnings ökutækja. Þar segir m.a. í 20. gr. að við ákvörðun tollverðs skv. 15. gr., þegar ekki reynist unnt að ákvarða tollverð ökutækis á grundvelli 2. eða 10. - 14. gr., skuli tollverð vera viðmiðunarverð nýs ökutækis af sömu tegund og undirtegund eins og það er tilgreint í bifreiðaskrá tollstjóra, reiknað út samkvæmt ákvæðum 21. gr. reglugerðarinnar. Samkvæmt henni skal við útreikning tollverðs í þessum tilvikum fyrst áætla líklegt FOB-verð nýs ökutækis af sömu tegund og undirtegund með þeim hætti að af útsöluverði ökutækisins skv. bifreiðaskrá tollstjóra, er afreiknaður virðisaukaskattur, álagning seljanda, sem skal áætluð, 12% vörgjald, svo og áætluð fjárhæð gjalda þeirra, sem innifalin eru í tollverði skv. 2. mgr. 3. gr.

reglugerðarinnar. Þegar líklegt FOB-verð nýs ökutækis hefur verið fundið út skv. framanskráðu skal það fyrnt vegna aldurs hins innflutta ökutækis á nánar tilgreindan hátt.

Það kemur fram í hinum kærða úrskurði að tollstjóri byggði ákvörðun sína á því, að skýringar kæranda á því hvers vegna viðskiptaverð bifreiðarinnar væri mun lægra en markaðsverð sambærilegra bifreiða í innkaupslandinu, væru ekki fullnægjandi. Hann ákvað því að beita 20. gr. reglugerðar um tollverð og tollverðsákvörðun. Í gögnum málsins liggur jafnframt fyrir að hann hafi ekki talið sér fært að beita samanburðarreglum 10. - 14. gr. reglugerðarinnar við tollverðsákvörðunina.

Samkvæmt 19. gr. reglugerðar nr. 374/1995 ber tollstjóra að safna saman upplýsingum frá hlutlausum aðilum erlendis um viðmiðunarverð ökutækja í þeim löndum, sem helst má vænta innflutnings frá. Í samræmi við þetta ákvæði hefur tollstjórinn í Reykjavík lagt tollstjórum til ritið Red Book, sem hefur verið gefið út í áratugi í Bandaríkjunum og er notað þar af fjölmögum aðilum, s.s. tryggingarfélagum og bílasölum.

Fyrir liggur að reikningsverð bifreiðanna A. OG B. er umtalsvert lægra en markaðsverð á bifreiðum sömu gerðar samkvæmt upplýsingum úr ritinu Red Book. Reikningsverð bifreiðarinnar A. er *USD 18.850*. Meðalverð sams konar bifreiða í Bandaríkjunum skv. Red Book er *USD 28.575,-* að teknu tilliti til aksturs. Reikningsverð er því 32% lægra en viðmiðunarverð í Red Book. Reikningsverð B. er *USD 19,500*, en viðmiðunarverð í Red Book *USD 26.725,-* að teknu tilliti til aksturs, og frávik er því 29%.

Í kröfugerð kæranda er leitast við að skýra hið lága innkaupsverð bifreiðanna. Þar er m.a. tekið fram að innflytjandi hafi lagt mikið á sig til að finna þessar bifreiðar og að hann hafi verið búsettur í sex ár í Bandaríkjunum. Nefndarmenn benda á að verð í Red Book eru meðalverð frá stærstu bifreiðasölum Bandaríkjanna unnin af fyrirtæki sem hefur áratuga reynslu í að safna þessum upplýsingum og koma þeim á framfæri. Í skránni er einnig gert ráð fyrir leiðréttingu verðs vegna aksturs og aukahluta. Nefndarmönnum finnst það ekki trúverðugt að aðili, þó svo hann hafi verið búsettur fyrir einhverjum árum í innkaupslandinu og þekki þar til og kaupir bifreiðar á verði sem er tugum prósentu lægra en gerist og gengur á hinum almenna markaði.

Í gögnum kæranda er að finna fjölda útprentana af netinu úr skráum bifreiðasala. Þar er að finna bifreiðar sömu gerðar og hér er verið að fjalla um á verði sem er áþekkt og þau verð sem fram koma á reikningum þeim sem kærandi lagði fram við tollafgreiðslu. Nefndarmenn hafa skoðað og yfirfarið þessar upplýsingar. Að mati nefndarmanna er erfitt og ónákvæmt að byggja upplýsingar um meðalverð á þessum gögnum þar sem forsendur fyrirsprunnanna eru mismunandi og úrtak er takmarkað.

Enda þótt reikningsverði verði ekki hafnað við tollverðsákvörðun eingöngu vegna þess að það sé lágt og hagstæðara fyrir kaupanda en almennt gerist í sambærilegum viðskiptum, er engu að síður ljóst að ef frávik í þessu efni eru mjög umtalsverð, verða skýringar á því að vera traustar og haldgóðar ef leggja á þær til grundvallar. Á myndum sem starfsmenn tollstjóra tóku af bifreiðunum, er þeir skoðuðu þær, eru ekki merkjanlegar skemmdir umfram það sem telja verður eðlilegt miðað við aldur bifreiðanna.

Í ljósi þess hve mikil frávik eru á reikningsverði hinna innflutta bifreiða annars vegar og markaðsverði sambærilegra bifreiða hins vegar, m.v. uppgöfin verð í ritinu Red Book eru framlagðir reikningar ekki trúverðugir. Því er með vísan til ákvæða IV. og V. kafla rgl. nr. 374/1995 ekki hægt að fallast á kröfu kæranda að framlagðir reikningar fyrir kaupum á bifreiðunum verði lagðir til grundvallar við tollafgreiðslu þeirra.

Kærandi gerir þá varakröfu að beitt verði 10.-14. gr. rgl. nr. 374/1995 við útreikning á tollverði bifreiðanna. Bendir hann á tiltekinn innflutning og tollafgreiðslu bifreiðar sömu gerðar og hér eru til umfjöllunar máli sínu til stuðnings. Tollstjóri kannaði þennan innflutning og taldi að ekki væri um sambærilegan innflutning að ræða. Ríkistollanefnd hafnar varakröfu kæranda með vísan til rökstuðnings tollstjóra.

Kærandi heldur því fram að tollstjóri hafi ekki haft rétt verð til viðmiðunar er hann ákvarðaði verð bifreiðanna skv. 20. gr. reglugerðar nr. 374/1995 og óskar leiðréttingar á þeim útreikningi í þrautavarakröfu sinni. Ríkistollanefnd leitaði til Ræsis hf. umboðsaðila Mercedes Benz bifreiða til fjölda ára og óskaði eftir staðfestingu á áður uppgöfnu verði bifreiðanna. Í þessu sambandi var fyrirtækinu gefið upp framleiðslunúmer bifreiðanna. Í ljós kemur að bifreiðar þessar eru ríkulega búnar aukahlutum og getur fyrirtækið ekki í öllum tilfellum tilgreint verð yfir búnaðinn. Í þeim tilfellum er hann þá ekki verðlagður í uppbyggingu viðmiðunarverðsins. Í ljós kemur að fyrirtækið hafði gefið tollstjóranum í Keflavík upp verð á fylgihlutum sem voru innifaldir í grunnverði bifreiðanna og því var gefið upp of hátt viðmiðunarverð. Nefndarmenn hafa yfirfarið vandlega þau verð sem Ræsis hf.,

fyrir umboðsaðili gefur upp. Leiðrétt viðmiðunarverð fyrir B. er kr. 6.795.600.- í stað 7.456.000.- og fyrir A. er kr. 8.182.800.- í stað 8.909.500.-.

Í varakröfu tollstjórans í Reykjavík reiknar hann út verð bifreiðanna og miðar við verð sams konar bifreiða úr bifreiðaverðskrá ríkisskattstjóraembættisins. Niðurstöður þess útreiknings eru talsvert lægri en niðurstöður tollstjóra. Með breytingu nr. 604/2003 á reglugerð 374/1995 var töllyfirvöldum heimilað að ákvarða tollverð ökutækja sérstaklega ef ástand þeirra var þess eðlis að eðlileg fyrning skv. 20. gr. gæfi ekki rétta mynd af verðmæti þeirra. Það hefur komið fram bæði í greinargerð tollstjórans í Reykjavík og í hinum kærðu úrskurðum að ástand og útlit bifreiðanna sé gott. Nefndarmenn eru sammála þessu mati. Af þessari ástæðu á reglugerð nr. 604/2003, sbr. 21. A ekki við og fellst ríkistollanefnd því ekki á varakröfu tollstjórans í Reykjavík.

Með vísan til ofanritaðs samþykkja nefndarmenn þrautavarakröfu kæranda í þessu máli, það er að ákvarða tollverð bifreiðanna UB-358 og UF-630 samkvæmt 20. - 21. gr. reglugerðar 374/1995 um tollverð og tollverðsákvörðun að teknu tilliti til framkominna leiðréttinga á viðmiðunarverði.

Með vísan til 101. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum úrskurðar ríkistollanefnd að tollverð bifreiðanna UB-358 og UF-630 sem eru af gerðinni Mercedes Benz sem fluttar voru inn á sendingarnúmerum M CED 22 09 3 US ORF C022 og M CED 22 09 3 US ORF C00 skuli ákvarðað skv. 20.- 21 gr. reglugerðar nr. 374/1995 um tollverð og tollverðsákvörðun að teknu tilliti til leiðréttis viðmiðunarverðs. Leiðrétt viðmiðunarverð fyrir UB-358 er kr. 6.795.600 og fyrir UF-630 er kr. 8.182.800.-.